



Mannréttindaráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS24060082

Efni: Hvatningarbréf til félags- og húsnæðismálaráðuneytis og til mennta- og barnamálaráðuneytis um að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi

Hjálagt er samhljóma hvatningarbréf mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar til félags- og húsnæðismálaráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis, um að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi.

Hvatningin er send sbr. aðgerð 23, í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 - 2028, sem samþykkt var í borgarstjórn 21. janúar sl.

Óskað er eftir að hvatningarbréfið sé lagt fram á fundi mannréttindaráðs til staðfestingar.

Virðingarfyllst,
Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:
Hvatningarbréf



Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
b.t. félags- og húsnæðismálaráðherra
frn@frn.is

Reykjavík, 31. mars 2025

Efni: **Hvatning til ríkisins til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi**

Reynslan af starfi Heimilisfriðar með gerendum í heimilisofbeldismálum sem lúta að ofbeldi milli fólks í nánnum samböndum hefur reynst góð. Háskóli Íslands hefur gert úttekt á árangri og er þessi leið, skv. þeirra rannsókn, að skila árangri, sjá [Heimilisfriður: Árangur að meðferð. Viðhorf og reynsla skjólstæðinga og maka til meðferðarúrræðisins á tímabilinu 2017 til 2023. Janúar 2024.](#)

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur styrkt þessa þjónustu sem hefur reynst afar vel og er forsenda þess að margir sem annars hefðu ekki tök á að nýta sér hana geti það. Hins vegar er ekki veittur styrkur til að veita meðferð fyrir þau sem beita börn sín ofbeldi. Mannréttindaráð hvetur ríkið til að veita styrk til slíkrar meðferðar og telur það afar brýnt. Þar er í húfi líðan og heilsa barna.

Þessi hvatningarorð tengjast aðgerð 23 í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi sem samþykkt var í borgarstjórn 21. janúar 2025, en hún er eftirfarandi:

Aðgerð 23

Ráðgjöf við gerendur í heimilisofbeldismálum í útkalli og í kjölfar þess

Veita gerenda ráðgjöf í útkalli ef tök eru á því eða daginn eftir útkall. Haft er samráð við lögreglu til að meta áhættu. Veita skal gerandanum félagslega ráðgjöf og hvetja hann til að sækja sér meðferð hjá Heimilisfriði.

Hvetja ríkið til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi en nú er einvörðungu styrkt meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánnum samböndum.

Hvetja ríkið til þess að huga að meðferð sem einnig nýtist þeim sem ekki eru Íslenskumælandi.

Markmið: Hvetja gerendur til að sækja sér meðferð og þannig minnka líkur á áframhaldandi ofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið og Barnavernd Reykjavíkur vísa til Heimilisfriðar. Hvatning til ríkisins sér mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð um.

Samstarfsaðilar: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma Saman gegn ofbeldi.

Reykjavíkurborg er reiðubúin til samstarfs og samráðs um góð mál á þessum vettvangi enda leggur borgin mikla áherslu á ofbeldisvarnamál í öllu sínu starfi og vonast til að vel sé tekið í erindi þetta.

Fyrir hönd mannréttindaráðs,

Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Samrit: Mennta- og barnamálaráðuneyti



Reykjavík